



Opið bréf til flugvirkja starfandi hjá Icelandair á Keflavíkflugvelli.

Efni: Einhliða ákvörðun Icelandair varðandi push back flugvirkja í Kef.

Á dögunum var opinberað af hálfu Icelandair að einhliða ákvörðun hafi verið tekin varðandi “push back” ferli á flugvélum Icelandair í Keflavík. Hingað til hafa flugvirkjar sinnt þessari vinnu en með breytingunni koma starfsmenn IGS til með að sjá um þá vinnu sem hefur verið sinnt af stéttinni hingað til.

Bréf þess efnis barst trúnaðarmanni á vinnustað sem upplýsti stjórn FVFÍ um málið og var þessu mótmælt harðlega af fulltrúum hennar í bréfi sem sent var Icelandair í kjölfarið. Þessi ákvörðun er önnur slík sem tekin hefur verið af félaginu á síðustu árum enda var einnig tekin einhliða ákvörðun varðandi afísingar vélanna í Janúar 2016 og var því einnig mótmælt af FVFÍ.

Þeim mótmælum Flugvirkjafélags Íslands við þessum aðgerðum hefur báðum verið svarað á þann veg að ekki sé um flugvirkjastörf að ræða og Icelandair sé frjálst að ráðstafa þessum stöðugildum að vild, þetta lítur FVFÍ á sem brot á friðhelgi gildandi kjarasamnings enda hafa flugvirkjar Icelandair séð bæði um umsjón með afísingu jafnt sem push back á Keflavík í áratugi á flugvélaflota Icelandair.

Fyrir liggur ályktun sveina á vinnustað sem var einróma samþykkt að veita FVFÍ umboð til að leita réttar síns í afísingar málinu. Stjórn Flugvirkjafélags Íslands hefur því falið lögmanni FVFÍ að skoða bæði málin samhliða og hyggst leita réttlætis í þeim. FVFÍ mun halda félagsmönnum upplýstum á heimasíðu félagsins um gang mála.